

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Vaðholts í landi Ormsstaða.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 40 m² aukahús í stað 25 m². Á hverri lóð mega þó eingöngu vera tvö íveruhús og hámarksnýtingarhlutfall verður áfram 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Baulurima úr landi Klausturhóla.*
Í breytingunni felst að frístundalóðir eru sameinaðar og fækkar lóðum úr 13 í 4. Hámarksstærð frístundahúsa er 300 m² auk 40 m² svefnhúss eða gróðurhúss. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2010.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Farborga í landi Miðengis.*
Í breytingunni felst að þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 14-30 gráða.
Samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2010.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Miðborga í landi Miðengis.*
Í breytingunni felst að þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 14-60 gráða.
Samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. janúar 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.